



SAMNINGUR MILLI AIR ICELAND CONNECT (AIC) OG ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS (ÍSÍ)

Gildir frá 1. mars 2018 til 1. Febrúar 2019

Markmið með samningi þessum er að íþróttafólk á vegum ÍSÍ, sérsambanda ÍSÍ, íþróttahéraða og einstakra íþróttafélaga, stjórnarmenn og starfsmenn ÍSÍ, sérstakra samstarfsaðila samþykka af ÍSÍ og deilda innan vébanda ÍSÍ ferðist með Air Iceland Connect.

Samningurinn gildir ekki fyrir fjölskyldur viðkomandi og ekki fyrir ferðalög íþróttafólks í einkaerindum.

Ef ákvæðum samningsins er ekki fylgt, geta báðir aðilar rift honum fyrirvara laust og getur AIC þá rift samningi gagnvart einstökum sambandsaðilum/íþróttafélögum innan ÍSÍ.

Gegn tilgreindum hlunnindum í samningi þessum hefur AIC forgang á að flytja ÍSÍ félaga innanlands. ÍSÍ beitir sér fyrir því við erlend íþróttasambönd að þau ferðist með AIC á leiðum þess.

AIC mun veita ÍSÍ afslátt að upphæð 2.500 krónur á hvern fluglegg fyrir einstaklinga.

Einstaklingar:

AIC mun senda ÍSÍ inneignarnúmer með 2.500 kr. inneign. 500 inneignir verða sendar í hvert skipti og hefur ÍSÍ samband við AIC áður en inneignirnar klárast og munu þá fá næstu 500 sendar. ÍSÍ félagi hefur svo samband við ÍSÍ fyrir hverja ferð og ef hann á rétt á styrk þá fær hann eitt inneignarnúmer fyrir hvern fluglegg. Einstaklingurinn bókar svo á www.airicelandconnect.is og notar upphæðina upp í það almenna fargjald sem til er hverju sinni.

ATH: einungis má nota eitt inneignanúmer á mann upp í greiðslu á hverjum fluglegg. Ef fleiri en ein inneign er notuð þá áskilur AIC sér rétt til þess að taka út auka inneign og rukka viðkomandi einstakling um mismuninn.

Íþróttahópar:

Íþróttahópar bóka eftir sem áður hjá Hópadeild AIC og fá það ÍSÍ-hópafargjald sem er í boði hverju sinni. Ath. að eftir því sem bókunarfyrirvarinn er lengri því meiri líkur eru á að fá lægstu verðin.

GG
201



ÍSí hópafargjöld

ÍSí	Fargjald	Skattur frá RKV	Skattur til RKV
Akureyri	9.975	2.390	1.665
Egilsstaðir	11.445	2.390	1.665
Ísafjörður	9.975	2.390	1.665

ÍSÍH	Fargjald	Skattur frá RKV	Skattur til RKV
Akureyri	13.718	2.390	1.665
Egilsstaðir	15.561	2.390	1.665
Ísafjörður	13.718	2.390	1.665

Framlag ÍSí

ÍSí mun kynna innihald þessa samnings vel fyrir sínum aðildarfélögum.

ÍSí mun taka það fram á heimasíðu sinni að Air Iceland Connect sé styrktaraðili ÍSí.

Skilmálar fyrir íþróttahópa

- Íþróttahópur skal ferðast saman
- Hópar verða að bóka hópafargjald með að lágmarki þriggja virkra daga fyrirvara.
- Staðfestingargjald þarf að borga við bókun, 2.500 kr. á farþega á hvern fluglegg. Staðfestingargjaldið er óendurgreiðanlegt.
- Nafnalisti og greiðsla fyrir hópinn þarf að berast AIC minnst viku fyrir brottför. Ef nafnalisti berst ekki skv. settum fyrirvara áskilur AIC sér rétt til að taka út bókun hópsins.
- Fargjald er endurgreiðanlegt að frádregnum kr. 2.500.- á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega ef afbókað er lágmark 24 klst. fyrir brottfaratíma. Sé afbókað með minna en sólarhrings fyrirvara þá er ekkert endurgreitt nema flugvallarskattar.
- Breytingar eru leyfðar gegn kr. 2.500.- breytingargjaldi á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega. Einnig þarf að greiða mismun á fargjaldi ef einungis er laust á dýrara fargjaldi. Þó eru nafnabreytingar leyfðar án kostnaðar.
- 20 kg eru leyfilegur farangur/6 kg handfarangur. Greiða þarf sérstaklega fyrir sértækan farangur eins og t.d. skíði og golfsett. Ef aðildarfélag ÍSí kemur með sértækan farangur í vöruafgreiðslu Flugfrakt Icelandair Cargo (samstarfsaðili AIC) 24 klst. fyrir brottför að þá veitir Air Iceland Connect 50% afslátt af sértækum farangri.
- Bókanir fyrir dómara á vegum ÍSí mun fara áfram fram í gegnum hópadeild AIC og munu skilmálar fyrir þá vera eins og fyrir aðra ÍSí-hópa.



Samningslit og endurnýjun

Samningur þessi er uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Samningsaðilar eru sammála um að eigi síðar en 15.12. 2018 verði fundað um endurnýjun samningsins.

Þar sem um nýtt fyrirkomulag er að ræða eru samningsaðilar sammála um að fundað verði eigi síðar en 15.05.2018 um núverandi samning, hann metinn með tilliti til árangurs og eftir atvikum endurskoðaður.

Reykjavík, 23. Febrúar 2018

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands

Lárus L. Blöndal
forseti

Air Iceland Connect

Grímur Gíslason
forstöðumaður sölu- og markaðssviðs